



**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð  
**Sendandi:** Skrifstofa samgangna

Reykjavík, 18. ágúst 2025  
USK24010001

## TILLAGA

### **Sérákvæði – Lagning innan yfirborðsmerkinga eða frábrugðins yfirborðs**

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Þar sem bifreiðastæði eru afmörkuð með yfirborðsmerkingum eða frábrugðnu yfirborði skal ökutækjum lagt innan afmörkunar.

Greinargerð:

Í 40. gr. reglugerðar 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra segir að „*bifreiðastæði [séu] merkt með hvítum eða bláum 100 mm óbrotnum línunum, brotnum línunum eða afmörkuð með frábrugðnu yfirborði. Þegar ökutæki er lagt á merkt stæði skal það allt vera innan línanna eða afmarkaðs svæðis.*“, sbr. 1. mgr. efnisgreinar 1028 Bifreiðastæði. Í umferðarlögum nr. 77/2019, með áorðnum breytingum, er hins vegar hvorki að finna skilgreiningu á hugtakinu bifreiðastæði né ákvæði um merkingar slíkra stæða eða skyldu ökumanns til að leggja innan afmarkaðs stæðis.

Af þeim sökum hefur Bílastæðasjóður ekki lögvarða heimild til að leggja á stöðubrotsgjald í þeim tilvikum þegar ökutæki er lagt utan afmarkaðra stæða. Með framlagðri tillögu er því stefnt að því að veita Bílastæðasjóði skýra og ótvíræða heimild til að leggja gjald á ökutæki sem lagt hefur verið utan yfirborðsmerktra eða afmarkaðra stæða.

Bifreiðastæði í Reykjavík eru almennt merkt með yfirborðsmerkingum, eða öðrum hætti afmörkuð, á milli gatnamóta. Er því með þessari tillögu lagt til að bifreiðastæði sem verði merkt á götukafla milli gatnamóta, verði afmörkuð með yfirborðsmerkingum eða frábrugðnu yfirborði. Undanskilin þessari skilgreiningu eru einstaka afmörkuð stæði, svo sem stæði fyrir hreyfihamlaða.

Víða í borginni hefur myndast hefð fyrir því að leggja bifreiðum þvert á yfirborðsmerkingar og afmörkuð stæði, með öðrum orðum utan þeirra svæða sem sérstaklega hafa verið ætluð og afmörkuð sem bifreiðastæði. Slík lagning getur skapað hættu, bæði fyrir önnur ökutæki sem og fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Því er talið nauðsynlegt að leggja fram tillögu þessa.

Tillaga þessi er ekki bundin við ákveðinn vegarkafla. Verður ákvörðunin því birt á vefsíðu Reykjavíkurborgar sem og á helstu samfélagsmiðlum í samræmi við 4. mgr. 84. gr. umferðarlaga. Ákvörðunin verður einnig birt í B-deild Stjórnartíðinda líkt og önnur sérákvæði um umferð í Reykjavík.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.



Virðingarfyllst,  
Bjarni Rúnar Ingvarsson  
*deildarstjóri samgangna*

Hjálagt: Samþykki lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu



**Reykjavík**



## FW\_ Sérákvæði - Lagning innan merktra lína

|                |                                                                                                                               |
|----------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Móttekið       | 4.9.2025 09:49:21                                                                                                             |
| Búið til dags. | 4.9.2025 09:51:34                                                                                                             |
| Tilheyrir      |  USK25010001 - Sérákvæði um notkun vega 2025 |
| Frá            | Árni Friðleifsson (arni.fridleifsson@lrh.is)                                                                                  |
| Til            | Magnus.Arsaelsson@reykjavik.is, logi.sigurjonsson@lrh.is, lrh@lrh.is                                                          |

### Innihald

Samþykkt án athugasemda.

#### Árni Friðleifsson

Aðstoðaryfirlögregluþjónn  
Umferðardeild

[arni.fridleifsson@lrh.is](mailto:arni.fridleifsson@lrh.is)



[UM ÁBYRGÐ Á TÖLVUPÓSTI](#)

#### Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Hverfisgötu 113-115  
105 Reykjavík

[lrh@lrh.is](mailto:lrh@lrh.is)  
[4441000](#)



TRAUST – FAGMENNSKA – ÖRYGGI

 **Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing**

---

**From:** Magnús Ársaelsson <Magnus.Arsaelsson@reykjavik.is>

**Sent:** 02.09.2025 12:29

**To:** Árni Friðleifsson <arni.fridleifsson@lrh.is>; Logi Sigurjónsson <logi.sigurjonsson@lrh.is>; LRH:Fyrirspurnir <lrh@lrh.is>

**Cc:** Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir <Gudbjorg.Lilja.Erlendsdottir@reykjavik.is>; Bjarni Rúnar Ingvarsson <Bjarni.Runar.Ingvarsson@reykjavik.is>

**Subject:** FS: Sérákvæði - Lagning innan merktra lína  
**Importance:** High

Góðan daginn

Reykjavíkurborg óskar eftir samþykki lögreglunnar á meðfylgjandi sérákvæði um umferð.

Kveðja



**Magnús Ársælsson**  
Sérfræðingur

---

Sími: +354 411-1111

Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar  
Umhverfis- og skipulagssvið  
Borgartúni 12–14 105 Reykjavík

Reglur um trúnað í  
tölvupóstsamskiptum [www.reykjavik.is/trunadur](http://www.reykjavik.is/trunadur)

